



## Aðalfundur SÍ 2022 - Lagabreytingartillögur

Lagabreytingartillögur stjórnar SÍ er ein.

Rauður texti bætist við

Gulur yfirstrikaður texti fellur út

### Lagabreytingartillaga 1

#### 6. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fundinn skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal hann auglýstur á heimasíðu félagsins og boðaður félagsmönnum með tölvupósti. Fundarboð skal sent með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta miðað við dagsetningu tölvupósts. **Stjórn SÍ ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar sem er að jafnaði staðfundur. Stjórn SÍ getur ákveðið að fundurinn verði rafrænn eða sem staðfundur og rafrænn.**

Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði.

Aðalfundur er lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Kosningar til trúnaðarstarfa og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leynilegar komi fram um það tillaga með tveimur meðmælendum. Einfaldur meirihluti ræður í atkvæðagreiðslu nema annað sé tekið fram í lögum.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda.

#### Greinin verður því:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fundinn skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal hann auglýstur á heimasíðu félagsins og boðaður félagsmönnum með tölvupósti. Fundarboð skal sent með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta miðað við dagsetningu tölvupósts. **Stjórn SÍ ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar sem er að jafnaði staðfundur. Stjórn SÍ getur ákveðið að fundurinn verði rafrænn eða sem staðfundur og rafrænn.**

Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði.

Aðalfundur er lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Kosningar til trúnaðarstarfa og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leynilegar komi fram um það tillaga með tveimur meðmælendum. Einfaldur meirihluti ræður í atkvæðagreiðslu nema annað sé tekið fram í lögum.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda.

**Rökstuðningur:** *Aðalfund skal halda samkvæmt lögum félagsins einu sinni á ári og skal fundurinn fara fram í apríl ár hvert. Mikilvægt er að geta haldið aðalfund þrátt fyrir að aðstæður leyfi ekki staðfund eins og gerst hefur í COVID-19 faraldrinum. Mikilvægt er að fram komi í lögum félagsins hvaða leiðir eru mögulegar og að stjórn geti ákveðið hvaða leið sé valin.*